

NASDAQ OMX

Alþingi

Erindi nr. P 139/1324

komudagur 14.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, 351. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði (EES-reglur, heildarlög).


Kauphöllin gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti en því að ekki er talið rétt að fella niður ákvæði núgildandi laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 30/2003, að því er varðar hlutafélagasjóði (hlutabréfasjóði). Þau rök eru færð fyrir breytingunni að engir sjóðir reknir sem hlutafélög hafi verið starfandi frá setningu gildandi laga. Telur Kauphöllin það ekki haldbær rök og þá sérstaklega þegar litið er til þess að samskonar ákvæði er að finna í lögum flest allra Evrópuríkja. Umrædd breyting er því til þess fallin að skerða samkeppnisstöðu Kauphallarinnar á alþjóðlegum vettvangi.

Það er enn fremur ljóst að þrátt fyrir að engir fjárfestingarsjóðir hafi verið reknir sem hlutafélagasjóðir undanfarin ár og hlutabréf hlutafélagasjóða hafi ekki verið tekin til viðskipta í Kauphöllinni þá er ekki loku fyrir það skotið að áhugi á því skapist í framtíðinni. Í þessu sambandi má nefna að síðastliðin ár hefur Kauphöllinni borist nokkrar fyrirspurnir vegna áhuga á því að fá hlutabréf fjárfestingarsjóða tekin til viðskipta. Kauphöllin telur því að með umræddri breytingu á lögum nr. 30/2003 sé verið að setja óþarfa takmörk við því með hvaða hætti fjárfestingarsjóðir eru uppbyggðir og markaðssettir. Hlutabréf útgefin af hlutafélagasjóðum geta verið spennandi fjárfestingarkostur og taka slíkra hlutabréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hefur ýmsa kosti í för með sér fyrir fjárfesta, s.s. aukna vernd og hagræði við áhættudreifingu. Það er því líklegt að fjárfestar muni telja það álitlegan kost að eiga viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði með hlutabréf fjárfestingarsjóða.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða fer Kauphöllin fram á að ákvæði um hlutafélagasjóði verði tekin upp í frumvarpinu. Þó er ástæða til þess að huga að endurbótum á núgildandi reglum, en það er mat Kauphallarinnar að ákvæði um hlutafélagasjóði í lögum nr. 30/2003 séu hvorki nægjanlega skýr né afdráttarlaus. Sjónarmið varðandi hugsanlegar breytingar á núgildandi ákvæðum verða þó ekki rakin hér en Kauphöllin er tilbúin til viðræðna um hugsanlegar endurbætur á þeim reglum sem nú eru í gildi.

Kauphöllin gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur